

Sb.

495. Tillaga til þingsályktunar

[175. mál]

um endurskoðun Keflavíkursamningsins.

Flm.: Hermann Jónasson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson,
Skúli Guðmundsson, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að óskað verði endurskoðunar á Keflavíkursamningnum jafnskjótt og ákvæði hans leyfa eða fyrr, ef samkomulag næst um það, og verði þeirri skipan komið á starfrækslu flugvallarins við Keflavík með uppsögn samningsins eða án þess, að stjórn hans og rekstur verði algerlega í höndum Íslendinga, en samið við þær þjóðir, sem völlinn nota, um greiðslu kostnaðar við rekstur hans og viðhald.

Greinargerð.

Þegar samningurinn um niðurfelling herverndarsamningsins frá 1941 o. fl., Keflavíkursamningurinn svonefndi, var gerður við ríkisstjórn Bandaríkjanna í október 1946, voru uppi þrjár stefnur á Alþingi varðandi þessa samningsgerð. Í fyrsta lagi var sú stefna, sem fram kom í tillögu Ólafs Thors, þáverandi forsætisráðherra, og hlaut stuðning fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins í utanríkismálanefnd. Í þessari stefnu fólst það, að hafa samninginn í meginatriðum eins og hann varð og er. Bandaríkjastjórn hefur samningsbundinn rétt til afnota af íslenskum landi, Keflavíkurlugvelli, og rétt til þess að hafa þar með höndum nánar tilgreinda starfsemi undir eigin stjórn. Einnig hefur hún rétt til að hafa þar eigið starfslíð, og nýtur í þessu sambandi ýmissa sérréttinda og undanþága frá íslenskum lögum. Allir þingmenn Sjálfstfl. og meiri hl. þingmanna Alþfl. aðhylltust þessa stefnu. Í öðru lagi var sú stefna, að gera engan samning við Bandaríkin varðandi Keflavíkurlugvöllinn og meina þeim öll afnot af vellinum, þótt þau þyrftu á honum að halda til þess að lenda þar flugvélum á leið til hernámssvæðis síns í Þýzkalandi. Þetta var stefna hinna 10 þingmanna Sósíalístaflokksins. Í þriðja lagi var svo sú stefna, sem fram kom í tillögum fulltrúa Framsfl. í utanríkismálanefnd, þeirra Hermanns Jónassonar og Bjarna Ásgeirssonar, og í tillögum tveggja þingmanna Alþýðuflokksins, þeirra Gylfa Þ. Gíslasonar og Hannibals Valdimarssonar. Í þessari stefnu fólst, að flugvöllurinn skyldi vera algerlega undir íslenskri stjórn, en ríkisstjórn Bandaríkjanna heimilað að nota völlinn til þess að halda uppi sambandi við lið sitt í Þýzkalandi. Jafnframt skyldi samið við stjórn Bandaríkjanna um greiðslu kostnaðar við rekstur vallarins.

Það var því vilji yfirgnæfandi meiri hluta þingmanna, að samið yrði við Bandaríkin um afnot Keflavíkurlugvallarins og þeim heimiluð þau not hans, sem þau teldu sér bráðnauðsynleg vegna samgangna við hernámssvæði sitt í Þýzkalandi. En hins vegar varð um það ágreiningur innan þessa þingmeirihluta, hvernig stjórn og rekstri flugvallarins skyldi háttað. Í tillögu Ólafs Thors var lagt til, að sú skipan væri á höfð, sem nú er. Í tillögum Hermanns Jónassonar og Bjarna Ásgeirssonar

annars vegar og Gylfa P. Gíslasonar og Hannibals Valdimarssonar hins vegar var lagt til, að völlum yrði algerlega undir íslenzkri stjórn, þótt Bandaríkjunum yrði heimiluð tiltekin notkun hans. Allir þingmenn Framsóknarflokksins, allir þingmenn Sósíalístaflokksins og tveir þingmenn Alþýðuflokksins greiddu atkvæði með þessum tillögum, en þær voru felldar með atkvæðum allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins og sex þingmanna Alþýðuflokksins og Jónasar Jónssonar, þ. e. með 27 atkvæðum gegn 24. Að þessum tillögum felldum var tillaga Ólafs Thors samþykkt með atkvæðum allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sex þingmanna Alþýðuflokksins, fimm þingmanna Framsóknarflokksins og Jónasar Jónssonar. Gegn henni greiddu atkv. allir þingmenn Sósíalístaflokksins, 7 þingmenn Framsóknarflokksins og 2 þingmenn Alþýðuflokksins, en einn þingmaður þess flokks greiddi ekki atkv.

Meginagallar þeirrar skipunar, sem samkvæmt samningnum hefur verið höfð á stjórn og rekstri Keflavíkurflugvallar, eru tveir. Í fyrsta lagi er það í eðli sínu ósamrýmanlegt sjálfstæðiskennd og sjálfsvirðingu Íslendinga, að erlend ríkisstjórn hafi heimild til framkvæmda og starfsmannahalds á íslenskum landi og njóti í því sambandi margs konar sérreittinda og undanþága frá íslenskum lögum. Í öðru lagi hljóta að verða geysilegir framkvæmdaörðugleikar samfara slíku tvíþýli og því, sem hér er um að ræða, og það hlýtur að leiða til margs konar árekstra og erfiðleika.

Óhætt mun að fullyrða, að reynslan af samningnum þau 2½ ár, sem hann hefur verið í gildi, hafi fyllilega staðfest þau varnaðarorð, sem mælt voru, er hann var gerður. Veldur þar og nokkru um, að ekki hefur af hálfu íslenzkra stjórnarvalda verið á málum haldið af þeirri röggsemi, sem nauðsynleg hefur verið. Sérreittindi þau og undanþágur frá íslenskum lögum, sem Bandaríkjastjórn og starfsmenn hennar njóta, hafa reynzt mjög óeðlilegar og óheppilegar, og hefur framkvæmd samningsins verið ábóta vant að mörgu leyti. Á því verður ekki ráðin bót, nema íslensk lög taki til alls og allra á þessum stað Íslands sem öllum öðrum stöðum þess. Annað er og ekki samboðið þjóð, sem halda vill sjálfstæði sínu og algeru fullveldi í fyllsta heiðri.

Samkvæmt ákvæðum Keflavíkursamningsins getur hvor samningsaðili um sig óskað endurskoðunar á honum eftir 5. okt. 1951 og sagt honum síðan upp, ef samningar takast ekki innan 6 mánaða, og fellur hann þá úr gildi eftir eitt ár frá uppsagnardeggi. Ef Íslendingar eiga að taka rekstur vallarins í eigin hendur, þegar er ákvæði samningsins heimila, er fyllilega tímabært, að Alþingi taki um það ákvörðun. Vissulega þarfnast það margvíslegs undirbúnings, að Íslendingar taki rekstur vallarins að öllu leyti í sínar hendur, og er því engan veginn of snemmt að taka um það ákvörðun nú þegar. Algerlega ástæðulaust mun þó að óttast fjárhagshlið málsins. Völlurinn er svo mikilvægur, að óhugsanlegt er annað en að hægt sé að semja um greiðslu rekstrar- og viðhaldskostnaðar hans við þær þjóðir, sem hagsmuni hafa af notkun hans.

Annað atriði veldur því og sérstaklega, að ástæða er til þess, að Alþingi taki nú mál þetta til meðferðar. Um þessar mundir er það rætt, hvort Íslendingar skuli gerast aðilar að sáttmála um varnir Norður-Atlantshafssvæðisins, en Keflavíkurflugvöllur er mikilvægur fyrir varnir þessa svæðis í ófriði. Ef Íslendingar gengju í bandalagið, yrði að teljast mjög óeðlilegt og óviðeigandi, að þeir hefðu auk aðildar að bandalaginu sérsamning við eina bandalagsþjóðina um sérstaka aðstöðu henni til handa á Íslandi. Væri þá meira að segja sérstök ástæða til að leita eftir því við stjórn Bandaríkjanna, að samningurinn félli úr gildi fyrr en ráð er fyrir gert í samningnum, því að algerlega sjálfsgagt virðist þá, að endir yrði bundinn á hina sérstöku aðstöðu, sem Bandaríkin njóta nú á Íslandi, og Íslendingar tækju að öllu leyti í sínar hendur stjórn og rekstur þessa mannvirkis, flugvallarins við Keflavík, svo að þeir einir gætu tekið ákvarðanir um allt það, er máli skiptir í sambandi við aðild sína að Atlantshafsbandalaginu.